

Skólalíf

Gleðilegt nýár!

Árið 2018 byrjaði vel í grunnskólanum en smávægilegar breytingar urðu á skipulagi og starfsmannahaldi um áramót. Einnig fór janúarmánuður að einhverju leyti í undirbúning foreldradags og í flestum bekkjum voru unnin fjölbreytt námsmatsverkefni í upphafi árs.

Lesferill frá Menntamálastofnun.

Sérkennarar lögðu fyrir könnunina Lesferil í öllum bekkjum í janúar. Könnunin er þannig upp byggð að nemendur allra bekkja eru prófaðir í lestri þrisvar á vetri og fylgst er með þróun mála á skipulagðan og markvissan hátt. Nemendur setja sér markmið og æfa lestur daglega til að ná settum viðmiðum.

Niðurstöður janúarkönnunar og samanburður við septemberkönnun voru kynntar foreldrum í viðtölum.

Starfsdagur og foreldraviðtöl

Miðvikudaginn 25. janúar var starfsdagur í skólanum og daginn eftir foreldradagur. Farið var yfir námsmat með foreldrum og auðvitað ýmis önnur mál sem snerta námið og skólagönguna. Fastur liður á foreldradeigi er glæsilegt kaffihlaðborð 10. bekkjar en það er ómissandi í fjáröflun árgangsins fyrir skólaferðalagið í vor.

Íþróttalífið

Þann 15. janúar var öllum nemendum 9. og 10. bekkjar stefnt upp í íþróttamiðstöð þar sem íþróttakennarar settu upp skólahreystiæfingar. Þegar allir sem vildu höfðu farið í gegnum brautina var valinn sá hópur sem keppa mun fyrir hönd skólans í Skólahreysti 2018. Miðvikudaginn 31. janúar var svo haldinn íþróttadagur á öllum stigum og var það íþróttaráð sem stóð fyrir honum. Sú dagskrá tókst mjög vel og alltaf gaman að brjóta hefðbundið skólastarf upp með leikjum og hreyfingu.

7. bekkur og frímínútnavinir

Föstudaginn 19. janúar buðu nemendur 7. bekkjar foreldrum sínum í morgunkaffi og verkefnakynningu. Þetta var notaleg morgunstund og virkilega fróðlegt að kynna verkefnum krakkanna um heimabyggðina annars vegar og íslenska fugla hins vegar. Góð mæting foreldra á kynningar sem þessar er

virkilegt ánægju efni og alltaf jafn gaman að geta sest niður og fengið sér kaffibolla með foreldrahópnum.

Sú skemmtilega nýbreytni var tekin upp í haust að fá áhugasama nemendur úr 7. bekk til að leika við yngri nemendur í frímínútum fjóra daga í viku. Þetta verkefni hefur gengið vonum framár og hafa svokallaðir frímínútnavinir verið afar duglegir að skipuleggja leiki og fá krakkana í 1.-4. bekk til að leika sér saman. Skólastjórnendur ákváðu að launa frímínútnavinum fyrir þessa vinnu og var haldið skemmtikvöld eitt síðdegið í janúar þar sem boðið var upp á pizzu og farið í leiki.

Stjörnuskoðun

Miðvikudaginn 31. janúar viðraði einstaklega vel, himinn var heiðskír og svokallaður ofurmáni, en þá er tunglið óvenju nálægt jörðu.

Náttúrufræðikennarar í 7. og 10. bekk fóru þá, meðan enn var myrkur, út með alla nemendur til stjörnuskoðunar. Himingeimurinn var skoðaður gegnum stjörnuvíkja sem fengnir voru að láni, annar hjá Leikskólanum Bergheimum og hinn hjá stjörnuáhugamanni úr 7. bekk. Þetta tókst vel og höfðu nemendur og kennarar gaman af.

Kórar og lúðrasveit

Rétt er að minna á, svona í upphafi nýs árs, að kórar skólans hafa tekið til starfa á ný. Æfingar hjá yngri kór (2.-4. bekkur) eru á föstudögum kl. 13:00 og hjá eldri kór (5.-10. bekkur) á þriðjudögum kl. 13:00. Allir eru velkomnir í kór en auðvitað skilyrði að mæta samvisskusamlega á æfingar. Gestur, Sigga og Sissa eru kórstjórnendur, en auk þess er Gestur stjórnandi skólalúðrasveitarinnar sem æfir einnig einu sinni í viku.

Með hækandi sól sendum við bestu kveðjur úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

Sigprúður Harðardóttir